

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulaginu „Miðbær–Hraun, vestur“, lóð nr. 40 við Arnarhraun.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum 13. mars 2020 breytingu á deiliskipulaginu „Miðbær–Hraun, vestur“ – lóðin Arnarhraun 40. Í breytingunni felst að byggingarreitur á lóð færist til. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verði óbreytt. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 17. mars til 14. apríl 2020. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Leiðrétting á breyttu deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar, Flatahraun 11 og 13.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum 21. maí 2019 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar, vegna breyttrar aðkomu á lóðunum við Flatahraun 11 og 13. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 2. apríl til 12. maí 2019. Engar athugasemdir bárust. Orðalagi hefur nú verið leiðrétt á uppdrætti þar sem segir: „að ekki er hægt að taka hægri beygju inn á Flatahraun 13.“ Nýtt orðalag er: að ekki er hægt að taka vinstri beygju inn á Flatahraun 13.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 22. maí 2020.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**